

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 48/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2008 frá 14. mars 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/69/EB frá 29. nóvember 2007 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu difeþía löni við í I. viðauka við hana ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/70/EB frá 29. nóvember 2007 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu koltvísýringi við í I. viðauka við hana ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/794/EB frá 29. nóvember 2007 um nýjan frest til að leggja fram málsskjöl fyrir tiltekin efni sem rannsókuð verða í 10 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XV. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12n (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB):
„– **32007 L 0069**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/69/EB frá 29. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 312, 30.11.2007, bls. 23),
– **32007 L 0070**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/70/EB frá 29. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 312, 30.11.2007, bls. 26).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 182, 10.7.2008, bls. 11, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 312, 30.11.2007, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 312, 30.11.2007, bls. 26.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 320, 6.12.2007, bls. 35.

„12zd. **32007 D 0794**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/794/EB frá 29. nóvember 2007 um nýjan frest til að leggja fram málskjöl fyrir tiltekin efni sem rannsökuð verða í 10 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB (Stjtíð. ESB L 320, 6.12.2007, bls. 35).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2007/69/EB og 2007/70/EB og ákvörðunar 2007/794/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.